



VINNUSKÓLI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skráning í vinnuskóla hefst mánudaginn 11. apríl 2022

Skráning í Vinnuskólann hefst mánudaginn 11. apríl næstkomandi og lýkur miðvikudaginn 11. maí. Skráningu er skilað á postur@svalbardsstrand.is, og í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer og númer bankareiknings.

Boðið er uppá störf fyrir nemendur í 7. bekk (fæðingarár 2009), tvo fyrriparta í viku á þriðjudögum og fimmtudögum. Vinnutími 8.-10 bekkjar er mánud.-fimmtud. 8-16 og 8-12 á föstudögum (fæðingarár 2007-2009). Í meðfylgjandi skjali TÍMAR SUMARIÐ 2022 má sjá hvernig vinnudagar og tímar dreifst yfir sumarið. Hádegishlé er milli klukkan 12 og 13 og fá þau greidd laun fyrir 7 tíma vinnu og vinnudagurinn því 8 tímar með 1 klst. matarhléi.

Vinnuskólinn hefur að leiðarljósi að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglinga á aldrinum 14 – 16 ára (nemendur sem lokið hafa 8. – 10. bekk). Reynt er að hafa sumarstörf eins fjölbreytt og frekast er unnt, en fyrst og fremst er um að ræða umhverfisverkefni af ýmsum toga s. s. slátt og hirðingu lóða og opinna svæða, hreinsun rusls af vegsvæðum og víðar o.s.frv. Í starfi skólans er leitast við að unglingarnir kynnist þeim skyldum, sem því fylgir að taka þátt í atvinnulífi og að gera þá hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Þeim er kennd notkun þeirra verkfæra, sem nauðsynleg eru og notast við þau verkefni, sem á hverjum tíma er unnið að. Þannig öðlist unglingarnir reynslu af verklegum störfum, sem að gagni getur komið síðar meir.

Laun fyrir vinnuskóla falla ekki undir kjarasamninga, en sveitarstjórn ákveður launataxta starfsmanna í vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps. Mjög mikilvægt er að upplýsingar um banka, höfuðbók og númer reiknings séu réttar (ath. kortanúmer er ekki númer bankareiknings)

Laun eru með orlofi

7. bekkur

8. bekkur

9. bekkur

10. bekkur

Umsóknum er skilað til postur@svalbardsstrond.is. Í umsókn þarf að koma fram:

Nafn:

Heimilisfang:

Kennitala:

Bankareikningur:

Sími:

Nafn forráðamanns/foreldris:

Kennitala:

Sími:

Með kveðju

Björg Erlingsdóttir
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps